GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Skagafirði.

1. gr.

Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt um fráveitur í Skagafirði, nr. 249/2005.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Fráveitugjald fyrir íbúðarhúsnæði skal nema 0,186% af álagningarstofni, fyrir önnur mannvirki skal fráveitugjald nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

	Stærð í lítrum	*Tæmingargjald (kr.)*
Rotþró	0-3.999	35.000
Rotþró	4.000-5.999	55.000
Rotþró	≥ 6.000	120.000

Rotþrær skulu tæmdar á þriggja ára fresti að, nema eigandi óski eftir tíðari tæmingu (viðbótartæming). Innheimta skal tæmingargjald eftir að tæming hefur farið fram.

Fjárhæð tæmingargjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 6.200 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða fullt tæmingargjald auk aukagjalds sem nemur 50% af tæmingargjaldi.

Ef óskað er eftir viðbótartæmingu, greiðir eigandi sjálfur kostnaðinn til þjónustuaðila án aðkomu sveitarfélagsins.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar 14. október 2026 og staðfestist hér með, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, einkum 15. gr. og 59. gr. laga um hollustuhætti og

mengunarvarnir, nr. 7/1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1444/2025. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 26. október 2026.

Magnús Barðdal Reynisson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. október 2026